

## Um bókmenntaleg ævintýri í Frakklandi á 17. öld: „Hamingjueyjan“ og „Blái fuglinn“ eftir Madame d’Aulnoy

### 1. Bókmenntalegu ævintýrin

Eitt af helstu einkennum ævintýra er að þau tilheyra hvorki ákveðnum tíma né stað. Þau flakka í munnmælum eða í rituðu máli frá einu landi til annars, milli tungumála og kynslóða, og laga sig að ólíkum tímabilum, tungumálum og menningarheimum. „Öskubuska“ er vel þekkt dæmi um flökkusögu sem varðveist hefur í mörg hundruð gerðum og sagan „Fríða og Dýrið“ hefur einnig verið óþrjótandi uppspretta verka af ýmsum toga.<sup>1</sup> Munnmælasögur urðu einn helsti efniviður svokallaðra bókmenntalegra ævintýra eða *contes de fées littéraires* sem komu fram í Frakklandi á síðari hluta 17. aldar.<sup>2</sup> Þessi verk voru í senn dálítið gamaldags og afar nýstárleg. Söguvið þeirra var tímalaus heimur ævintýrisins sem á rætur í

---

1 Rooth, *Öskubuska í austri og vestri*; Warner, *From the Beast to the Blonde. On Fairy Tales and their Tellers*.

2 Mikið hefur verið skrifað um bókmenntalegu ævintýrin og ítarlega heimildaskrá má finna hjá Reddan, *Love, Power and Gender in Seventeenth-Century French Fairy Tales*, 217–231. Nokkur rit sem komu að gagni við undirbúning þessarar greinar eru: Barchilon, *Le Conte merveilleux français de 1690 à 1790. Cent ans de Féerie et de poésie ignorées de l’histoire littéraire*; Zipes, *Beauties, Beasts and Enchantment. Classic French Fairy Tales*; Robert, *Le conte de fées littéraire en France, de la fin du XVIIe à la fin du XVIIIe siècle*; Jasmin, *Naissance du conte féminin. Mots et merveilles : Les Contes de fées de Madame d’Aulnoy (1690–1698)*; Defrance, „Aux sources de la littérature de jeunesse: les princes et princesses des contes merveilleux classiques“, 25–34; inngangur ritstjóra, Lewis C. Seifert og Domna C. Stanton, í *Enchanted Eloquence: Fairy Tales by Seventeenth-Century French Women Writers*, 1–42.

bernskunni, fortíðinni og alþýðusögum. Segja má að höfundar þeirra hafi fundið leið fram hjá reglum sem voru við lýði í bókmenntaheimi Parísar á þessu tímabili og byggðust á ofurtrú á vægi skynsemi, trúverðugleika og velsæmis.<sup>3</sup> Þessar reglur eða viðmið mótuðust einkum eftir stofnun Frönsku akademíunnar árið 1635 í stjórnartíð Loðvíks 13. og endurspegluðu í senn vilja yfirvalda til að ritskoða bókmenntaverk og móta fagurfræði og smekk. Höfundar bókmenntalegu ævintýranna sömdu hins vegar verk sem þóttu ekki ýkja merkilegar bókmenntir í samanburði við ljóð og leikrit, og þá einkum harmleiki, en þær bókmenntagreinar þóttu æðstar og bestar í Frakklandi á 17. öld. Ef til vill má segja sem svo að þessir höfundar hafi nýtt sér frelsið sem fylgdi því að sækja ekki innblástur í fornar sögur Grikkja og Rómverja heldur í fábrotnar munnmælasögur og forðast beinar, sögulegar tengingar við samtímamann sem hægt væri að túlka eða lesa í, eins og algengt var með „sögulegu smásögurnar“ sem ritaðar voru um svipað leyti.<sup>4</sup> Engu að síður eru ævintýrin ekki síður áhugaverður samtímaspegill en önnur skáldverk þessa tímabils. Þau draga upp myndir af höllum og húsakynnum, samkvæmum, mat, klæðaburði, hárgreiðslu og ýmsum viðburðum úr daglegu lífi og í þeim má finna alls kyns upplýsingar um hugarfar, siði, venjur og ýmislegt fleira sem ætla má að hafi komið áheyrendum og lesendum samtímans kunnuglega fyrir sjónir.<sup>5</sup> Síðast en ekki síst endurspegla þau sýn höfunda á stöðu konunnar í frönsku samfélagi á 17. öld.

Bókmenntalegu ævintýrin urðu til í samkvæmislífi Parísarborgar. Fólk hittist í reisulegum heimahúsum og franska orðið *salon* vísar í senn til finnar setustofu þar sem tekið var á móti gestum og til samkomunnar sjálfrar sem gat þó allt eins farið fram í svefnherbergi gestgjafans, eftir því hversu margir voru viðstaddir og hversu nánir þeir voru. Þá var hægindastólum komið fyrir í kringum rekkju þar sem húsfreyjan hallaði sér makindalega út af. Viðstaddir fengust við

3 Defrance, „La politique du conte aux XVII<sup>e</sup> et XVIII<sup>e</sup> siècles. Pour une lecture oblique“, 14.

4 Höfundar „sögulegu smásagnanna“ (fr. *nouvelles historiques*) sem komu fram á síðari hluta 17. aldar notuðu sögulegar persónur í verkum sínum; Godenne, *Histoire de la nouvelle française aux XVII<sup>e</sup> et XVIII<sup>e</sup> siècles*, 80–102. Það segir sitt hvað um stöðu ævintýrisins í franskrri bókmenntasögu 17. aldar að ekki sé fjallað um bókmenntalegu ævintýrin í ofangreindu riti Renés Godenne. Sjá líka Ásdís Rósa Magnúsdóttir, „Franska smásagan á fyrri öldum. Forverar, nýnæmi, ánægja og undur“, 29–36.

5 Robert, *Le conte de fées littéraire en France, de la fin du XVII<sup>e</sup> à la fin du XVIII<sup>e</sup> siècle*, 347–403.

skriftir og sömdu ljóð, sendibréf, orðskviði og styttri texta af ýmsu tagi; þeir lásu úr verkum sínum og sögðu sögur, sjálfum sér og öðrum til skemmtunar. Konur voru atkvæðamiklar í þessu umhverfi og þær voru vinsælir gestir og gestgjafar.<sup>6</sup> Þær létu gagnrýni og beitt háð sumra samtímamanna sinna – sem þóttu þær tilgerðarlegar og góðar með sig<sup>7</sup> – hvorki koma í veg fyrir þátttöku í menningar- og samkvæmislífinu né standa í vegi fyrir ritun og útgáfu skáldverka sinna. Þó var algengt að þær hikuðu við að setja nafn sitt við verkin sem þær sendu frá sér.

Bókmenntasalón Catherine de Vivonne, markgreifafrúar af Rambouillet, var eitt fyrsta sinnar tegundar; hún tók á móti gestum sínum í Bláa herberginu á heimili sínu nálægt Louvre-höllinni. Á árunum 1620 til 1648 kom þangað fjöldi rithöfunda og menntamanna, konur og karlar. Þarna var samræðulistin iðkuð af kappi og hin ýmsu málefni samtímans rædd í þaula en ekki síður bókmenntir og aðrar listir. Til Vivonne de Rambouillet kom, meðal annarra, rithöfundurinn Madeleine de Scudéry en, um miðbik aldarinnar opnaði hún sitt eigið bókmenntasalón sem kallað var „Laugardagsklúbburinn“ (Société du samedi) vegna þess að á þeim vikudegi tók hún á móti gestum. Hún settist að í Mýrinni (Le Marais) sem varð ein helsta miðstöð bókmenntalífsins á þessu tímabili. Laugardagsklúbbur Madeleine de Scudéry varð vinsælasta salón Parísarborgar á síðari hluta 17. aldar.<sup>8</sup> Þarna voru eldri og nýútgefin verk gagnrýnd og lögð drög að nýjum hugmyndum og skáldverkum sem sum hver áttu eftir að setja svip sinn á franska bókmenntasögu.<sup>9</sup> Eitt þeirra var ein þekktasta skáldsaga þessa tímabils, *Clélie, rómversk saga* (*Clélie, histoire romaine*, 1654), eftir Madeleine de Scudéry sjálfa.<sup>10</sup> Í 1. bindi skáldsögunnar, sem var einar átta þúsund

6 Stutta umfjöllun um bókmenntaleg ævintýri franskra kvenna á 17. og 18. öld má finna í: Ásdís Rósa Magnúsdóttir, „Skrímslið og kakóbollinn. *Fríða og Djýrið* og önnur ævintýri kvenna í frönskum bókmenntum fyrri alda“, 18–32.

7 Samtímamenn franska rithöfundarins Madeleine de Scudéry hæddust margir hverjir að þessum lærðu konum – sem gengu undir nafninu *les précieuses* eða „tilgerðarlegu konurnar“ – og verkum þeirra. Sjá t.d. DeJean, „Après la guerre civile : la précieuse“, 532–556.

8 DeJean, „Après la guerre civile : la précieuse“, 532.

9 Gagnlegt yfirlit má finna hjá Goldsmith, „Galant culture“, 85–101.

10 Madeleine de Scudéry sendi frá sér fleiri þekktar skáldsögur sem nutu vinsælda hjá lesendum, innan og utan Frakklands. Lengst þeirra var *Artamène, ou le grand Cyrus* (1649–1653) sem var yfir þrettán þúsund blaðsíður í frumútgáfu. Hún er gjarnan talin vera lengsta skáldsaga sem rituð hefur verið á frönsku.

blaðsíður að lengd, birti höfundurinn „Landakort ástarinnar“ („Carte du Tendre“), sem var eins konar allegorískt kort yfir ferðalagið sem þeir sem elska og þrá þurfa að takast á hendur innra með sér. Kortið hafði verið til umfjöllunar um margra mánaða skeið meðal vina höfundar enda er ástin eitt af mikilvægustu þemum skáldsögunnar *Clélie* og umfjöllun um hana lýtur ekki síst að því hvernig ást, hamingja og hjónaband geta átt samleið. Í *Clélie* stýra konur samkomum þar sem fjörleg umræða um ýmis mál sem sneru að lagalegri, félagslegri og vitsmunalegri stöðu kvenna fór fram. Landakortið gerir sögupersónum – og lesendum – kleift að fjalla um hina ýmsu möguleika sem ástin og væntingar henni tengdar gátu vakið en ekki síst þær hættur, gildirur og hindranir sem gætu orðið á vegi elskendanna í leit þeirra að hamingju. Strax í 1. bindi skáldsögunnar nýttist kortið til þess að ræða hvort ástin ætti samleið með hjónabandinu og hvaða áhrif ólík efnahagsleg staða elskenda gæti haft á hjónabandið. Á þessum tíma var ekki algengt að hjónabönd byggðust á ást milli verðandi eiginkonu og eiginmanns en í *Clélie* er eins og ekkert annað komi til greina.<sup>11</sup>

Bókmenntalegu ævintýrin – *contes de fées littéraires* – bera keim þess umhverfis sem þau spretta úr og fjalla ekki síst um ástina og það sem henni fylgir. Heitið *conte de fée* vísar til þess sem á íslensku er gjarnan kallað ævintýri; þetta eru frásagnir þar sem töfrar og hið yfirnáttúrulega kemur við sögu á einn eða annan hátt, þó einkum í líki álfkonunnar; orðið *fée* þýðir álfkona – dregið af latneska orðinu *fata* (fleirtölumynd orðsins *fatum* „örlög“) – og hún hefur svo afgerandi áhrif á framvindu að ævintýrin eru kennd við hana.<sup>12</sup> Slíkar verur voru algengar í frönskum bókmenntum fyrir þennan tíma, meðal annars í skáldverkum miðalda og fleiri textum sem byggðust á munnmælahefð eða þjóðsögum. Ítölsk ævintýrasöfn á borð við *Naturgaman* (*Le Piacevoli Notti*) eftir Straparole, sem kom út í Feneýjum 1550, voru frönskum lesendum heldur ekki ókunnug

11 DeJean, „Après la guerre civile : la précieuse“, 536.

12 Jasmin, *Naissance du conte féminin*, 33.

enda voru höfundar þeirra víðlesnir og vel að sér.<sup>13</sup> Þeir voru meðvitaðir um tilgang skrifa sinna, sem voru ætluð áheyrendum og lesendum með sama bakgrunn og þeir sjálfir.<sup>14</sup> Orðið *littéraire* vísar til þess að ævintýrin tilheyrðu bókmenntaheiminum, voru mótuð af tíðarandanum sem og af smekk höfunda og þeirra sem lögðu hönd á plóg, í samtölum, með yfirlestri eða öðrum hætti.<sup>15</sup> Stíll þeirra einkennist af leik, kímni og fágun. Á örfáum árum komu út rúmlega hundrað ævintýri eftir Madame d'Aulnoy, Charles Perrault, Mademoiselle Lhéritier, Mademoiselle Bernard, Mademoiselle de La Force, Madame de Murat, Jean de Préchac, Madame de Nodot, Chevalier de Mailly og fleiri.<sup>16</sup> Þessi fjöldi sýnir að ritun bókmenntalegra ævintýra var vinsæll samkvæmisleikur;<sup>17</sup> sögurnar voru lesnar upphátt fyrir vel valda áheyrendur og þannig bárust þær áfram og gátu tekið á sig nýjar myndir hjá öðrum höfundum. Madame d'Aulnoy og Charles Perrault gáfu til dæmis út sitt hvort ævintýrið um Öskubusku árið 1697 sem eru gerólík. Í þessum leik var mikilvægt að laga sögurnar sem allra best að smekk markhópsins til að skemmta honum og koma hlustendum sífellt á óvart.

Konur voru í miklum meirihluta í ritun bókmenntalegu ævintýranna og þessi nýstárlegu bókmenntaverk urðu þannig hluti af „kvennadeilunni“ sem setti svip sinn á franska bókmenntaumræðu allt frá 14. öld þegar Christine de Pizan tók ítrekað upp hanskann

- 
- 13 Í *Næturgamni* var að finna tuttugu og fimm sögur sem urðu svo vinsælar að höfundurinn bætti fjörtúfu og átta sögum við nokkrum árum síðar. Fyrri hlutinn var þýddur á frönsku um 1560 en verkið í heild árið 1576, og var síðan margendurútféið. Safnritið *Saga um sögur eða Barnagaman (Lo Cunto de li cunti ovvero Lo trattenimento de peccerille)* eftir Giambattista Basile, sem kom út í Napolí 1634–1636, var ekki þýtt á frönsku svo vitað sé en talið er að franskir lesendur hafi margir hverjir getað lesið sögur hans sér til gagns og ánægju á Napolímállýsku og að þær hafi vel getað verið ein af uppsprettunum sem ævintýrahöfundar frönsku salónanna leituðu í. Sjá Jasmin, „Naissance du conte féminin : Madame d'Aulnoy“, 16.
- 14 Sjá skilgreiningu á bókmenntalegu ævintýri, hjá Robert, *Le conte de fées littéraire en France, de la fin du XVII<sup>e</sup> à la fin du XVIII<sup>e</sup> siècle*, 29–49.
- 15 Um konur sem þátttakendur í umræðum um og mótun bókmennta í salónum 17. aldar, sjá Beasley, „Changing the Conversation: Re-positioning the French Seventeenth-Century Salon“, 34–46.
- 16 Um þetta samfélag, sem einkenndist af því að kvenríthöfundar voru þar í meirihluta, og tilurð þess, sjá Reddan, *Love, Power and Gender in Seventeenth-Century French Fairy Tales*, 23–47. Reddan tilgreinir að af þeim 104 ævintýrum sem hafa varðveist frá tímabilinu 1690 til 1709 séu 63 eftir konur, 35 eftir karla og 6 eftir óþekktu höfunda; sjá töflu í sama riti, bls. 149–155.
- 17 Robert, *Le conte de fées littéraire en France, de la fin du XVII<sup>e</sup> à la fin du XVIII<sup>e</sup> siècle*, 75–82. Sylvie Ballestra-Puech sýnir til dæmis hvernig vefur örlaganna umbreytist í söguþráð í einu ævintýra Madame d'Aulnoy í grein sinni „Du fil des Parques au fils des fées : la fabrique du conte dans « Serpentin vert » de Madame d'Aulnoy“, bls. 221–242.

fyrir kynsystur sínar og gagnrýndi samferðamenn óspart fyrir viðhorf þeirra til kvenna.<sup>18</sup> Á 17. öld var mikið ritað og rætt um stöðu konunnar, hvaða skyldum hún hefði að gegna og hver réttur hennar væri til þátttöku í samfélaginu og í menningarlífínu. Konurnar höfðu vissulega tekið þátt í samkvæmislífínu fyrir þá tíð en þegar þær fóru að hasla sér völl í bókmenntaheiminum og hampa þekkingu sinni, sköpunarkrafti og -gleði þótti mörgum nóg um.<sup>19</sup> Kvenlegar dygðir fólust í því að sinna eiginmanni og uppeldi barna og móðurhlutverkið fékk aukið vægi í ýmsum skrifum undir lok aldarinnar þar sem konan var einungis skilgreind sem fyrirmyndar-eiginkona og móðir. Jafnframt áttu eiginkonur og mæður að sniðganga veraldlega skemmtun og afþreyingu sem hlyti að beina huganum frá skyldum þeirra.<sup>20</sup> Nadine Jasmin bendir á að viðhorf kvennanna sjálfra til þessara mála komi fram í verkum þeirra, þau séu ekki sett fram á fræðilegan hátt heldur séu þau skrifuð inn í hlutverk kvenhetjunnar og það hvernig hún berst fyrir hamingju sinni. Prinsessurnar neita ekki að ganga í hjónaband en þær neita að giftast hverjum sem er. Madame d’Aulnoy var afkastamesti ævintýrahöfundurinn og hún átti stóran þátt í að skapa þá kvenlægu goðsögn sem umlykur bókmenntalegu ævintýrin. Kvenhetjur hennar eru hæfileikaríkar, orðheppnar, glæsilegar og vitrar og þar ber hæst álfkonuna sem er eins konar ímynd hennar sjálfrar, konu sem hefur vald, sem segir sögu, sem skrifar.<sup>21</sup> Verk hennar féllu þó lengi vel í skuggann af ævintýrum embættismannsins Charles Perrault.

Charles Perrault er einkum þekktur fyrir bók sína *Sögur eða ævintýri frá liðnum tíma, með siðaboðskap* (*Histoires ou contes du temps passé, avec des moralités*) sem oftast er kölluð *Sögur gæsamömmu, eða sögur frá*

18 Viðhorf Christine de Pizan (1364–um 1430) má finna í mörgum verka hennar, til dæmis *Le Livre de la cité des dames* og *Le Livre des trois vertus*. Hún tók þátt í deilunni um miðaldaljóðsöguna *Roman de la Rose* og gagnrýndi þau neikvæðu viðhorf til kvenna sem koma fram í síðari hluta þess verks.

19 Jasmin, 347–421.

20 Seifert, *Fairy Tales, Sexuality, and Gender in France. 1690–1715. Nostalgic Utopias*, 178–182. Seifert, „On Fairy Tales, Subversion, and Ambiguity: Feminist Approaches to Seventeenth-Century *Contes de fées*“, 80–98. Sterk kvenímynd getur einnig hafa mótast fyrir áhrif valdamikilla kvenna við hirðina, sjá Defrance, *Les contes de fées et les nouvelles de Mme d’Aulnoy (1690–1698): l’imaginaire féminin à rebours de la tradition*, 269.

21 Jasmin, *Naissance du conte féminin*, bls. 417–418.

*liðnum tíma* (*Contes de ma mère l'Oye, ou histoires du temps passé*).<sup>22</sup> *Sögur gæsamömmu* komu fyrst út á prenti árið 1697 og þar er að finna alls átta ævintýri sem víðkunn eru á Vesturlöndum: „Þyrnirós“, „Rauðhetta“, „Bláskeggur“, „Stígvélaði kötturinn“, „Álfkonurnar“, „Öskubuska eða glerskórinn“, „Rikki með skúfinn“ og „Tumi þumall“. Perrault birti fyrstu ævintýrin nokkuð fyrir eða allt frá 1691 í bókmenntatímaritinu *Le Mercure Galant* sem kom út frá árinu 1672.<sup>23</sup> Hann var vel þekktur í samkvæmis- og menningarlífi Parísarborgar og meðlimur í hinni áhrifamiklu Frönsku akademíu sem hafði meðal annars það hlutverk að standa vörð um hina klassísku hefð. Þrátt fyrir það var hann hlynntur nýjungum á ritvellingum og sagði að stundum væri nauðsynlegt fyrir alvarlega lesendur að leyfa skynseminni að hvílast örlítið.<sup>24</sup> Í upphafi sögunnar „Asnaskinn“ („Peau d'Âne“) skrifar hann: „Hvern skyldi undra/að skynsemin skýra,/iðulega uppgefin,/heillist af sögum/um álfkonur og tröll/og njóti þar hvíldar.“<sup>25</sup> Á titilsíðu verksins *Sögur gæsamömmu, eða sögur frá liðnum tíma* er svo mynd af gamalli konu sem spinnur við eldstæði og segir þremur börnum sögu en á litlu spjaldi á herbergishurðinni stendur „Sögur gæsamömmu“. Sumir töldu að ævintýri hans væru nánast skrifuð beint upp eftir þeim sem fluttu þau því að þau þóttu einföld og stílhrein og auk þess gaf hann sjálfur í skyn í skrifum sínum í *Le Mercure Galant* að sögur hans væru mun nær munnmælahefðinni en bókmenntaleg ævintýri annarra höfundar.<sup>26</sup> Það er þó að öllum líkindum langt frá því að vera rétt og Marc Fumaroli og fleiri telja að ætla megi að Perrault hafi vandað sig mikið við ritun ævintýranna og að yfirvegaður og einfaldur stíll þeirra eigi lítið sameiginlegt með stíl munnmælasagna.<sup>27</sup> Þrátt fyrir yfirlýsingar um að gott sé að leggja skynsemina til hliðar á stundum gerir Perrault lítið úr hinu yfirnáttúrulega í sögum sínum. Í „Öskubusku“ dugar ekki sveifla töfraspota til að

22 Um deilur um hver sé höfundur verksins, sjá Gheeraert, „Introduction. La grand-mère et l'académicien“, 26–35.

23 Jean Donneau de Visé stýrði *Le Mercure Galant* frá 1672 til 1710 og þar birtust ljóð og stuttir bókmenntatextar innan um alls kyns fróðleik. Frá 1677 kom tímaritið út einu sinni í mánuði.

24 Defrance, „La politique du conte aux XVII<sup>e</sup> et XVIII<sup>e</sup> siècles. Pour une lecture oblique“, 15.

25 Þessi saga kom út árið 1695 ásamt fleiri ævintýrum í bundnu máli; Perrault, *Contes*, 139–140.

26 Gheeraert, „Introduction. La grand-mère et l'académicien“, 37.

27 Fumaroli, „Les Fées de Charles Perrault ou De la littérature“, 153–186; Gheeraert, „Introduction. La grand-mère et l'académicien“, 45–46 og 61–69.

galdra fram allt sem þarf til þess að unga stúlkan komist á dansleikinn: Öskubuska nær í fallegasta graskerið í garðinum og álfkonan skefur vandlega innan úr því áður en hún breytir því í vagn, lifandi músunum í músagildru er breytt í fínustu hesta, rottu í myndarlegan vagnstjóra og eðlum, sem fela sig í garðinum á bak við vatnskönnuna, í snotra þjóna. Í öðrum sögum er sáralítið um töfra, eins og til dæmis í ævintýrinu „Bláskeggur“ þar sem óvenjulegur liturinn á skegginu og blóðið sem ekki má þvo af lyklinum eru nánast það eina sem telja má yfirnáttúrulegt. Táknrænt gildi þeirra vegur þungt í sögunni þótt ekki séu allir á sama máli um hvernig lesa skuli úr bláa skegginu og blóðuga lyklinum sem afhjúpar í senn glæpi Bláskeggs og óstjórnslega forvitni eiginkonunnar.<sup>28</sup> Aðrir ævintýrahöfundar voru ófeimnari við hið yfirnáttúrulega og létu skynsemi og rökvísí ekki standa í vegi fyrir ímyndunaraflinu. Madame d’Aulnoy, höfundur fyrsta bókmenntalega ævintýrisins sem birtist á prenti í Frakklandi, er ein þeirra.

## 2. Madame d’Aulnoy og fyrsta bókmenntalega ævintýrið

Madame d’Aulnoy (1650/1651–1705), öðru nafni Marie-Catherine Le Jumel de Barneville, barónessa af Aulnoy, var þekkt fyrir vinsælar skáldsögur sem komu út allt frá 1690 undir höfundarnafninu Madame D\*\*. Hún er þekktust þeirra kvenna sem þá létu að sér kveða í ævintýraritun og um þriðjungur þeirra verka sem varðveist hafa frá þessu tímabili er eftir hana; hún á vafalítið heiðurinn af vinsældum þessarar nýju bókmenntagreinar á síðasta áratug 17. aldar. Fátt er vitað með vissu um ævi þessa vinsæla höfundar, sem fæddist árið 1650 eða 1651 í Normandí, annað en að líf hennar var stormasamt og að hún steig sín fyrstu spor á rithöfunduferlinum þegar hún var um fertugt.<sup>29</sup> Marie-Catherine var af aðalsættum og gekk ung í hjónaband með François de la Motte, barón af Aulnoy, sem var

28 Um þetta ævintýri, sjá t.d. Flahault, *La pensée des contes*, 103–124; Gheeraert, „Introduction. La grand-mère et l’académicien“, 424–427.

29 Barchilon, „Biographie de Madame d’Aulnoy“, v–xxv; Jasmin, „Naissance du conte féminin. Madame d’Aulnoy“, 10–15.



þrjátíu árum eldri en hún. Samband þeirra varð ekki farsælt og þau munu hafa átt í miklum fjárhagskröggum. Móðir hennar hafði einnig talsverð áhrif á líf hennar. Seinni eiginmaður móðurinnar var markgreifinn af Gudane en hún átti sér einnig elskhuga og með honum og fleirum varð hún þátttakandi í ráðabruggi sem fór á versta veg; vitorðsmenn hennar lentu bak við lás og slá og voru tveir þeirra teknir af lífi en móðirin flúði til Spánar þar sem hún mun hafa stundað njósnir fyrir bæði spænska og franska valdhafa þar til hún lést í Madríd árið 1702. Madame d'Aulnoy mun einnig hafa flækst í svikamálið og jafnvel verið í haldi um tíma í árslok 1669. Eftir það er talið að hún hafi farið huldu höfði í tvo áratugi, sennilega dvalið bæði á Englandi og á Spáni, þangað til hún kom til Parísar árið 1690. Þar var hún tíður gestur í bókmenntasalóni markgreifafrúarinnar af Lambert en skipulagði síðan sitt eigið salón þar sem hún tók á móti gestum. Hún lést árið 1705 og var þá þekkt fyrir verk sín í heimalandinu.

Þótt skáldverk Madame d'Aulnoy hafi verið gefin út undir dulnefni er ekki þar með sagt að fólk hafi ekki vitað hver einstaklingurinn á bak við nafnið var. Skáldsögur hennar nutu vinsælda og hún samdi einnig ferðasögur og söguleg verk sem sum hver voru til einkuð meðlimum konungsfjölskyldunnar. Í tímaritinu *Le Mercure Galant* (mars, apríl 1690) var farið fögrum orðum um skrif hennar.<sup>30</sup> Þegar ævintýrasöfn hennar voru prentuð nokkrum árum síðar var hún því orðin vel kunn í menningar- og samkvæmislífi borgarinnar, ekki síst fyrir skáldsöguna *Sagan af Hypolite, greifanum af Douglas* (*Histoire d'Hypolite, Comte de Douglas*) sem kom út 1690. Í minningarorðum um skáldkonuna, sem birtust í *Le Mercure Galant* stuttu eftir andlát hennar í janúar 1705, var tilgreint að sú skáldsaga stæði öðrum verkum hennar framar. Það var einmitt í *Sögunni af Hypolite, greifanum af Douglas* sem Madame d'Aulnoy birti fyrsta bókmenntalega ævintýrið og ekki er óhugsandi að rekja megi velgengni skáldsögunnar til þessa innskots.<sup>31</sup>

Ævintýrið fékk heitið „Hamingjueyjan“ („L'Île de la Félicité“) og áhugavert er að sjá hvernig Madame d'Aulnoy fellir þessa frásögn

30 Jasmin, „Naissance du conte féminin : Madame d'Aulnoy“, 13.

31 Jasmin, „Naissance du conte féminin : Madame d'Aulnoy“, 15.

inn í sína fyrstu skáldsögu.<sup>32</sup> Hinum unga Hypolite, dulbúnum sem Hyacinthe, lærlingur málarans Cardini, hefur tekist að komast inn í klaustur þar sem hans heittelskuðu Julie er að finna. Hann þráir ekkert frekar en að fá tækifæri til að hitta hana og á meðan Cardini málar abbadísina er lærlingurinn látinn stytta fyrirsætunni stundir:

Því fylgir nokkur alvara að gera málverk og af þeim sökum fór abbadísinni að leiðast og hún óttaðist að það hefði slæm áhrif á myndina. „Ég hefði haldið,“ sagði hún, „að málarar kynnu alla jafna sögur og ævintýri til að skemmta þeim sem þeir eru að mála en þú hefur ekkert sagt mér til ánægju og ég finn að svipurinn á andliti mínu mun breytast ef þú segir mér ekki eitthvað skemmtilegt.“ „Ég er of önnum kafinn, frú mín góð,“ svaraði Cardini (en svo hét málarinn), „til að geta hugsað um eitthvað annað og þegar öllu er á botninn hvolt er ég ekki gæddur þeim hæfileika að geta sagt góðar sögur en hér er hann Hyacinthe sem ég tek með mér til að skemmta dömumum; það liggur vel fyrir honum að segja sögur.“ „Segðu mér þá eitthvað, Hyacinthe, úr því að Cardini felur þér þann starfa,“ mælti hún þá ýtin og horfði á hann ákveðin á svip.<sup>33</sup>

Hypolite hugsar Cardini þegjandi þörfina og kveðst ekkert geta sagt en gefst upp að lokum og reynir „að rifja upp sögu sem líkist ævintýri“. Sagan fjallar um Adolphe Rússakonung sem villist á veiðum; hann hittir hinn engilfagra Zéphyr eða Vestanvindinn sem segir honum frá hinni undursamlegu prinsessu Félicité – eða Hamingju – sem býr á Hamingjueyjunni, en eins og honum er bent á getur enginn fundið þá eyju: „við leitum hennar þrotlaust, en mannlegt hlutskipti er slíkt að við getum ekki fundið hana; við ferðumst til einskis allt um kring“. Adolphe leggur land undir fót og kemst að lokum á þennan vandfundna stað og hittir þar prinsessuna sjálfa, sem talar sem betur fer alheimstungu þannig að þau eiga ekki í neinum erfiðleikum með að skilja hvort annað. Þarna er drukkíð af æskubrunni og öllum líður dásamlega vel. Eða hvað? Í þessari miklu hamingju álpast Adolphe einn daginn til þess að

32 Stedman, „D'Aulnoy's „Histoire d'Hypolite, comte de Duglas“ (1690): A Fairy-Tale Manifesto“, 32–53.

33 d'Aulnoy, *Contes des fées*, 85–86. Þýðing greinarhöfundar.

spyrja Félicité hversu lengi hann hafi notið þeirrar ánægju að dvelja í návist hennar. Honum sjálfum finnst hann ekki hafa verið þarna nema í viku en þetta gætu þó hugsanlega verið einir þrír mánuðir. „Adolphe,“ svarar hún alvarleg á svip, „þú komst hingað fyrir þrjú hundruð árum.“ Honum bregður illilega, fyllist áhyggjum af ríki sínu og þegnum en þó einkum því að hann skuli ekkert hafa unnið sér til frægðar og muni því ekki teljast til mikilmenna eftir sinn dag. Hún fyrtist við vanþakklæti hans og svarar því til að hann geti farið þegar hann vilji en að hún óttist að illa muni fara fyrir honum. Hann lætur ekki segja sér þetta tvisvar og fullyrðir að hann muni snúa aftur um leið og hann hafi unnið sér eitthvað til frægðar. En margt fer öðruvísi en ætlað er: Tíminn verður á vegi hans í líki öldungs sem grípur fyrir vit unga mannsins og bindur snarlega enda á líf hans. Vestanvindurinn flytur lífvana líkamann aftur til eyjunnar þar sem Félicité finnur elskhuga sinn látinn, bugast af sorg og lokar hallarhliðunum í eitt skipti fyrir öll fyrir mennskum mönnum. Síðan þá hafa óróleiki og óánægja ætíð fylgt Félicité enda „er tíminn ósigrandi og engin hamingja án skugga“ eins og segir í sögulok. Abbadísinn var hæstánægð með söguna en sagði að óttinn um að hún yrði of stutt hefði þó spillt dálítið fyrir; lærlingurinn hefði hins vegar sagt svo listilega vel frá að hann ætti endilega líka að segja Julie þessa heillandi sögu, það væri svo miklu skemmtilegra fyrir hana að hlusta á hann en að lesa bækur.

Þetta fyrsta bókmenntalega ævintýri er í senn sorgleg og hugljúf ástarsaga um hamingjuna sem við höndlum ekki. Höfundurinn hefur meðal annars leitað í brunn grísk-rómverskra goðsagna og fær eitt og annað að láni úr verkinu *Ástir Psyke og Cupidons* (*Les Amours de Psyché et de Cupidon*) sem Jean de la Fontaine gaf út árið 1669 en átti rætur að rekja til *Gullasna* (*Asinus aureus*) Apuleiusar. Fleiri samtímahöfundar Madame d'Aulnoy, þar á meðal Charles Perrault í ævintýrinu „Grisélidis“, skrifuðu um eyjuna eða staðinn sem enginn á að geta fundið og ekki er óhugsandi að vinsældir þemans á þessum tíma megi að nokkru, rekja til áhrifa frá fyrrnefndu Landakorti ástarinnar þar sem ástinni og því sem henni fylgir var

lýst sem áhættusamri óvissuferð sem gæti endað illa.<sup>34</sup> „Hamingjueyjan“ endar nefnilega illa því að mennirnir eru veiklundaðir og drambsamir, og vegna þess að Tíminn sigrar allt, líka ástina og þá hverfulu sælu sem henni fylgir. „Hamingjueyjan“ sker sig því nokkuð frá þeim ævintýrum sem síðar komu: þetta er sorgarsaga og þar er engin álfkona sem kemur skjólstæðingum sínum til hjálpar á ögurstund. Hér má þó greina merki þeirrar úrvinnslu sem átti eftir að setja svip sinn á síðari ævintýri höfundar. Nadine Jasmin bendir til dæmis á kvengervingu karlhetjunnar sem Vestanvindurinn ber í fanginu til og frá Hamingjueyjinni; í sögu La Fontaine er það Psyché sem Zéphyr ber á örmum sér í höll Amors.<sup>35</sup> Hamingjueyjan birtist einnig sem eins konar sæluríki kvenna sem lokað er körlum nema þegar ástin knýr dyra en sú innrás hefur skammvinna gæfu í för með sér.

Nokkrum árum síðar sendi Madame d'Aulnoy frá sér samtals átta bindi af ævintýrum á aðeins fimmtán mánuðum: fyrstu fjögur, *Ævintýri (Les Contes des fées)*, árið 1697 og ári síðar fjögur til viðbótar, *Ný ævintýri eða Álfkonur í tísku (Contes nouveaux ou Les Fées à la mode)*. Þau komu öll út hjá Claude Barbin sem var þekktur útgefandi í París og sérhæfður í útgáfu skáldverka, ekki síst ævintýra, sem ætluð voru lesendum sem þyrsti í skemmtilegt lesefni en ekki alvarleg og fræðandi rit.<sup>36</sup> Ævintýrunum var vel tekið af lesendum; þau voru dæmigerð fyrir nýju tískustraumana í bókmenntaheiminum og væntingar áheyranda og í meðförum Madame d'Aulnoy varð ævintýrið höfundarverk sem á lítið skylt við alþýðu- og munnmælasögur. Hún er fremst í flokki þeirra rithöfunda sem Nadine Jasmin telur að hafi tekið þátt í að skapa sérstaka tegund franskra

34 Í „Hamingjueynni“ má finna þjóðsagnaminnið ATU 470B („Landið þar sem enginn deyr“). Sjá t.d. Barchilon, „Adaptation of Folktales and Motifs in Madame d'Aulnoy's Contes: A Brief Survey of Influence and Diffusion“, 353–364; d'Aulnoy, *Contes des Fées*, 703; Delarue, Tenèze, *Le conte populaire français*, II, 163–168. Um flokkun þjóðsagnanna og skrár yfir slík minni, sjá Uther, „Classifying tales: Remarks to Indexes and Systems of Ordering“, 15–32. Stutta franska ljóðsagan „Guingamor“, sem er eftir óþekktan höfund og frá lokum 12. aldar, styðst við sama minni: Í henni segir frá dvöl riddarans Guingamor í handanheimi þar sem tíminn líður öðruvísi en við eigum að venjast: riddarinn villist af leið í veiðiferð og fylgir konu sem verður á vegi hans í skóginum að glæstri höll þar sem hann dvelur í góðu yfirlæti við allsnægtir talsvert lengur en hann grunar. Þegar hann snýr aftur heim eru liðnar þrjár aldir og er hann bitur í epli til að seðja sárasta hungrið tilheyrir hann ekki lengur handanheiminum, eldist og hrörnar. Sjá „Guingamor“, *Friða og Dýrið. Franskar sögur og ævintýri fyrri alda*, 63–75.

35 Sjá stutta umfjöllun Nadine Jasmin í: d'Aulnoy, *Les Contes des fées*, 703–708.

36 Jasmin, *Naissance du conte féminin*, 429–430.

ævintýra sem rétt sé að kenna við konur (*conte de fées féminin*).<sup>37</sup>

Ævintýri Madame d'Aulnoy draga dóm af bókmenntum og samfélagi ritunartíma þeirra, og þá einkum hirð og yfirstétt. Sögupersónur eru nánast undantekningarlaust af aðalsættum og lenda í hinum verstu hremmingum, eins og algengt var í skáldsögum þessa tímabils. Persónur af borgarastétt eru hæddar og alþýðan er varla til staðar. Nadine Jasmin bendir á að þessi framsetning hafi gert Madame d'Aulnoy kleift að styðjast við munnmælahefðina í verkum sínum.<sup>38</sup> Allt sem þótti of lágvörulegt eða of raunsætt, svo sem bændur og erfiðisvinna á ökrum eða annars staðar, var óviðeigandi í þeim hópi samfélagsins sem hún tilheyrði og vék fyrir fágæðri sögupersónum sem lifðu og hrærðust í umhverfi sem var líkara því sem hefðarkonur voru kunnugar: hversdagslífinu við hirð Loðvíks 14. og ríkjandi fagurfræði.<sup>39</sup> Stjórnmal og valdabarátta koma líka gjarnan við sögu og konungurinn á oft í basli með að stjórna ríki sínu vegna svika og pretta, sem hann á jafnvel hlut að á einn eða annan hátt. Í þessu samhengi hefur Nadine Jasmin einnig dregið fram vægi hins talaða orðs í verkum Madame d'Aulnoy; hún sýni með ævintýrunum hversu hæfileikarík sagnakona hún var en í sögunum sjálfum sé þáttur hins talaða máls – og í sumum tilvikum fjarvera þess – veigamikill, til dæmis sem álög, loforð, leyndarmál, slúður og játningar, svo eitthvað sé nefnt.<sup>40</sup> Gamansamur tónn setur jafnan svip sinn á frásagnarstíl hennar; í þeim leynast fjölmörg broslæg atvik, aðstæður, lýsingar og samtöl.<sup>41</sup> Til viðbótar við sitt eigið hugarflug og kímniáfu hefur hún einnig getað sótt í ýmsar fyrirmyndir sem þekktar voru í samtíma hennar, svo sem *Le Roman comique* eftir Scarron og farsa og gamanleiki Molières, sem dró reyndar óspart dár að þessum menntakönnum. Dæmisögur eða fabúlur nutu vinsælda á þessum tíma í frönskum bókmenntaheimi og þær höfðu einnig áhrif á ritun bókmenntalegra

37 Jasmin, *Naissance du conte féminin*, 13–25.

38 Jasmin, „Naissance du conte féminin : Madame d'Aulnoy“, 28.

39 Anne Duggan hefur fjallað um hvernig Madame d'Aulnoy umbreytir og fléttar saman goðsögum annars vegar og veruleika og aðstæðum annars vegar sem samtímafólk hennar þekkti. Sjá Duggan, *Salonnères, Furies, and Fairies: The Politics of Gender and Cultural Change in Absolutist France*.

40 Jasmin, „Naissance du conte féminin : Madame d'Aulnoy“, 60–64.

41 Mainil, *Madame d'Aulnoy et le rire des fées. Essai sur la subversion féerique et le merveilleux comique sous l'Ancien Régime*.

ævintýra; þangað má til dæmis rekja siðabodskapinn sem iðulega má finna í sögulok, tekinn saman í nokkrum ljóðlínnum.

Helsta þema bókmenntalegu ævintýranna er ástin og í þeim efnum líður lesandi sagna Madame d'Aulnoy engan skort. Allt frá því að elskendurnir hittast í fyrsta sinn og þar til í sögulok er dvalið við tilfinningalíf þeirra og samskiptum elskendanna vandlega lýst, án þess þó að farið sé yfir viðeigandi velsæmismörk. Sambönd og birtingarmyndir kynjanna tveggja í ævintýrum Madame d'Aulnoy eru því áhugaverð; karlpersónur í verkum hennar eru gjarnan veikgeðja og mun veiklundaðri en kvenhetjan, hver svo sem ástæðan er: álög, aðgerða- eða atkvæðaleysi. Feður standa ekki vörð um hamingju dætra sinna og vonbiðlar missa móðinn eða getuna til að berjast fyrir ástina. Kvenhetjan fagra gefst hins vegar ekki upp og sýnir hugrekki og hugkvæmni í flóknum og erfiðum aðstæðum.<sup>42</sup> Álfkonan skerst í leikinn eftir þörfum; hún er vitur og voldug í krafti töframáttarins sem hún býr yfir. Einnig er athyglisvert hversu algengt er í bókmenntalegu ævintýrunum að rekast á andstæðar kvenímyndir, og reyndar mun algengara en samsvarandi karlímyndir. Lewis C. Seifert bendir á að í þessum verkum sé birtingarmynd konunnar sífellt klofin og skipt upp í „góðu“ konuna og „vöndu“ konuna. Vönda konan er þannig hættulegasti andstæðingur góðu konunnar og hann telur að í átökum móður og dóttur, stjúpmóður og stjúpdóttur, stjúpstra, góðrar og vondrar álfkonu endurspeglar óljós staða konunnar í samfélagi þar sem karlar ráða ferð. Togstreitunni er beint inn á við, gegn þeim sjálfum og gegn öðrum konum þar sem þær hafa engin völd út á við. Þessi staða tengist einnig umræðunni um stöðu kvenna í frönsku samfélagi sem áður var getið.<sup>43</sup>

Jákvæðar birtingarmyndir kvenhetjunnar í ævintýrum Madame d'Aulnoy sækja efalítið innblástur í þá ímynd konunnar sem lögd var rækt við í bókmenntasamkomum aðalsins. Þar nutu konur ákveðins sjálfstæðis og voru virkir, og í sumum tilvikum virtir þátttakendur í menningarlífinu þótt lengi vel hafi ekki verið litið á skrif þeirra á þessum tíma sem veigamikil framlag til bók-

42 Í ævintýrum Charles Perrault kemur prinsinn, eða ígildi hans, kvenhetjunni til bjargar í sögulok. Það á við um ævintýrin „Bláskegg“, „Öskubusku“, „Álfkonurnar“ og „Pyrnirós“.

43 Seifert, *Fairy Tales, Sexuality, and Gender in France. 1690–1715. Nostalgic Utopias*, 175–219.

menntanna, hvorki af samtímamönnum né þeim sem síðar komu.<sup>44</sup> Sjálfstæði var ekki auðsótt fyrir franskar yfirstéttarkonur 17. aldar og sjaldgæft var að konur byggju einar þótt þær væru fullorðnar og fjárhagslega sjálfstæðar. Væru þær ógiftar eða ekkjur bjuggu þær hjá foreldrum sínum, bróður eða systur; væru þær illa stæðar og án fjölskyldu komu þær sér fyrir í klaustri eða sem kennslukonur hjá efnuðum fjölskyldum. Þess eru dæmi að konur hafi ekki viljað giftast til að varðveita sjálfstæði sitt; Madeleine de Scudéry bjó til að mynda í glæstum húsakynnum í Mýrinni sem bróðir hennar, leikrithöfundurinn Georges de Scudéry, leigði í sínu nafni þótt hún virðist sjálf hafa staðið undir kostnaði við leiguna og lengst af búið þar ein.<sup>45</sup> Í sumum tilvikum bjuggu hjón á sitt hvorum staðnum; eiginmaður rithöfundarins Madame de Lafayette dvaldi til dæmis lengst af á landareign sinni utan Parísar en hún í höfuðborginni og við hirðina og stundaði ritstörf með vinum sínum. Hvað Madame d'Aulnoy viðkemur – sem gekk í hjónaband fimmtán ára gömul, með manni sem var þrjátíu árum eldri en hún sjálf – þá bjó hún aðskilin frá eiginmanni sínum eftir málaferlin 1670 og var ekkja síðustu fimm ár ævinnar. Þótt flest ævintýri hennar fjalli um einhverjar hliðar ástarinnar helgar hún aðeins eitt þeirra því viðfangs efni hversu rangt sé að neyða „hjörtu sem ekki unnast“ til að ganga í hjónaband; það er „Blái fuglinn“.

### 3. „Blái fuglinn“

Sjö árum eftir að „Hamingjueyjan“ kom fyrir augu lesenda í skáldsögunni *Sagan af Hypolite, greifinn af Douglas* kom bókmenntalega ævintýrið „Blái fuglinn“ út í fyrsta hefti *Ævintýra* og var síðan endurútgefið ótal sinnum og endurskrifað.<sup>46</sup> Sagan rataði í safnritið mikla *Ævintýrasafnið eða úrval ævintýra og annarra sagna (Le Cabinet*

44 Sjá til dæmis umfjöllun um stöðu bókmenntalegra ævintýra Madame d'Aulnoy hjá Adams, „The ‘Contes de fées’ and Madame d'Aulnoy: Reputation and Re-evaluation“, 5–22. Nadine Jasmin fjallar einnig um aukinn áhuga á verkum skáldkonunnar í Frakklandi undanfarna áratugi: Jasmin, *Naissance du conte fémin*, 13–18.

45 DeJean, „Après la guerre civile : la précieuse“, 549.

46 Sjá stutt yfirlit í d'Aulnoy, *Contes des Fées*, 717–718; Mounier, „La circulation générique d'une histoire : *L'Oiseau Bleu* entre conte, lai et nouvelle“, 125–175. Í þessari grein er stuðst við íslenska þýðingu á ævintýrinu sem finna má í *Frída og Dýrið. Franskar sögur og ævintýri fyrri alda*, 201–243.

*des fées ou collection choisie des contes des fées, et autres contes merveilleux*) sem Charles-Joseph de Mayer gaf út í 41 bindi á árunum 1785 til 1789 og er til merkis um þann áhuga sem ævintýri nutu á upplýsingaöld. Þarna er að finna úrval vinsælla ævintýra frá 17. og 18. öld eftir um það bil fjörutíu höfunda, þar á meðal mörg verka Madame d'Aulnoy. Á 19. öld barst svo sagan „Blái fuglinn“ víða með farand-sölum og er nú til í alls kyns gerðum og útgáfum. Þar segir frá ungu stúlkunni Flórínu (Florine) sem er fimmtán ára gömul þegar faðir hennar, konungur og ekkjumaður, gengur að eiga ekkju sem á dótturina Gríshildi (Truitonne). Gríshildur ólst upp hjá álfkonunni Sússíó (Soussio) og er bæði ófríð og ógeðfellt. Nýja drottningin leggur fæð á Flórínu og þegar Sjarmör (Charmant) konungur kemur í heimsókn og hrífst af konungsdótturinni fögru verður nýja drottningin afbrýðisöm og lokar stjúp dóttur sína inni í turni. Sjarmör lætur blekkjast þegar Gríshildur mætir á stefnumót að kvöldlagi í stað Flórínu og af því leiðir að hann lofast rangri stúlku. Að ósk hennar fara þau til álfkonunnar Sússíó til að giftast. Þar sér Sjarmör að hann hefur farið mannavillt og þegar hann harðneitar að kvænast Gríshildi breytir álfkonan honum í bláan fugl og munu þau álög hvíla á honum í sjö ár. Það hindrar hann ekki í að hitta sína heit-elskuðu og um tveggja ára skeið flýgur hann til hennar á kvöldin þegar hún opnar turngluggann. Drottningin vonda setur þá njósnara í prísund Flórínu og kemst að leyndarmálinu um næturfundir elskendanna. Hún lætur festa eggvopn utan á tréð þar sem Blái fuglinn hefur búð um sig og hann skerst illa og missir bæði vængi og fætur. Þá ber að töframann sem græðir sár hans en er ófær um að leysa Sjarmör úr álögunum þar sem töframáttur hans er ívið minni en kraftur álfkonunnar Sússíó. Það er því einungis með því að ganga að eiga Gríshildi að Sjarmör getur endurheimt mannsmynd sína. Meðan þessu fer fram deyr faðir Flórínu og þegnar hans gera upp-reisn gegn nýju drottningunni og dóttur hennar og frelsa Flórínu úr turnherberginu þar sem hún hefur verið í haldi um árabíl. Hún hefst þá handa við að leita að Sjarmör, fær sér dulargervi sem hálf-gerð Öskubuska og leggur af stað. Á vegi hennar verður álfkona sem lætur hana fá fjögur egg sem hún getur brotið ef vandi stæðjar að. Úr einu þeirra koma gullgaddar sem gera henni kleift að klífa þverhnipt fjall, úr öðru dúfur sem fljúga með hana niður af fjallinu



og alla leið til hallar Sjarmörs konungs. Þar er verið að undirbúa brúðkaup hans og Gríshildar sem hann hefur fallist á að kvænast til, sannfærður um að Flórína hafi svikið hann. Í skiptum fyrir dásemd-ir úr eggjunum tveimur sem eftir eru fær Flórína í þrígang leyfi til að eyða nóttu í Bergmálsstofunni sem er undir svefnherbergi konungs en þangað berst allt sem sagt er í herberginu fyrir neðan. Tvær fyrstu næturnar rekur hún raunir sínar í von um að Sjarmör heyrri til hennar en þar sem hann hefur verið vansvefta af óhamingju um langt skeið tekur hann óþíum fyrir svefninn og sekkur í ómunnisdjúp þar sem ekkert fær truflað hann. Hann vaknar því ekki við kveinstafina. Þriðju nóttina kemur hún því í kring að konungurinn er svikinn um óþíumskammtinn; þá heyrir hann loks rödd konunnar sem hann elskar í raun og Flórína afhjúpar blekkingavefinn sem Gríshildur og móðir hennar hafa spunnið í kringum Sjarmör. Flórína og Sjarmör giftast næsta dag en ófríðu stjúpsysturinni er breytt í gyltu sem hleypur rýtandi burt. Söggunni lýkur á siðabodskap eða *moralité* þar sem höfundur tekur saman lærdóminn sem draga má af ævintýrinu, það er að segja að fólk skuli ekki ganga í hjónaband ef ástin er ekki gagnkvæm:

*Þegar Gríshildur vildi giftast Sjarmör án þess að hafa unnið hjarta hans tælaði hún að efna til hjónabands sem aðeins dauðinn getur bundið enda á. Ekki sýndi hún mikla aðgát, því miður! Vissi hún ekki að hjónabönd eru aðeins dapurlegt þrælalabð ef ástin er ei með í för? Sjarmör var skýnsamur því ég tel betra að vera Blái fuglinn, brafu eða jafnvel ugla en að þola þá kvöl að hafa það sem maður hefur andstyggð á fyrir augunum dag hvern.*

*Mörg þess háttar hjónabönd er að finna á okkar tímum. Þau væru hamingjuríkari ef enn væru til klókir galdramenn andvígir slæmum ráðabag, sem byggist á dutlungum eða digrum sjóðum, því tvö hjörtu sem ekki unnast eiga ekki samleið.*

Eins og á við um flest ævintýri Madame d'Aulnoy er heiti sögunnar „Blái fuglinn“ nafn einnar af aðalsögupersónunum, þó ekki kvenhetjunnar sem ævintýrið hverfist um frá upphafi, heldur elskhuga hennar og verðandi eiginmanns, þó ekki hans rétta nafn heldur nafnið sem vísar til álaganna sem hann sætir fyrir að vilja ekki giftast konu sem hann elskar ekki en heldur að sé önnur en hún er. Nöfn sögupersónanna eru gjarnan lýsandi: Flórína vísar til

blóma, enda er hún gullfalleg, Sjarmör tjáir aðdráttarafl unga mannsins og Gríshildur felur í sér ljótleika stjúpsysturinnar. Nafn Bláa fuglsins – Sjarmörs konungs í álögum – hefur ef til vill einnig vakið hugrenningar hjá lesendum ævintýrisins. Blái liturinn minnir á himininn og þar með ný heimkynni Sjarmörs í fuglslíki en liturinn tengist einnig völdum – ekki síst konungsvaldi – og ríki-dæmi í Frakklandi á 17. öld.<sup>47</sup> Fuglinn er þekkt tákn elskhugans eins og sjá má í frönskum bókmenntatextum allt frá 12. öld þegar skáldkonan Marie de France samdi stutta ljóðsögu þar sem næturgalinn og söngur hans vísa til forboðinnar ástar; í annarri ljóðsögu eftir sömu skáldkonu tekur elskhuginn á sig fuglsmýnd og flýgur inn í turnherbergi þar sem ungri, fagurri konu er haldið fanginni af afbrýðisömum og gömlum eiginmanni.<sup>48</sup> Litlar líkur eru á að Madame d’Aulnoy hafi þekkt þessar sögur enda voru miðaldaskáldverk ekki hátt skrifuð hjá bókmenntaelítu 17. aldar. „Blái fuglinn“ byggist hins vegar á þjóðsagnaminnnum sem báðum skáldkonunum hafa verið kunnug í einhverri mynd og sem þær hafa spunnið við og lagað að samtíma sínum, hvor á sinn hátt.<sup>49</sup>

Elskhuginn í fuglslíki gefur rithöfundinum tækifæri til að bregða á leik á fleiri en einn veg. Dýrshamur í ævintýrum Madame d’Aulnoy er oftast álög sem álfkona hefur lagt á sögupersónu til þess að refsa henni eða koma fram hefndum. Sögupersóna sem lendir í slíkum ósköpum breytist þó aldrei nema á yfirborðinu og í því felst grimmd álaganna þótt umbreytingunni í verkum Madame d’Aulnoy sé efalítið einnig ætlað að krydda með því frásögnina og skemmta lesendum eða áheyrendum.<sup>50</sup> Breytingin minnir á vægi útlitsins,

47 Eftir að hafa öðlast jákvætt gildi á 12. og 13. öld, einkum í tengslum við notkun litarins í myndum af Maríu guðsmóður. Sjá Pastoureau, *Bleu. Histoire d’une couleur*, 43–105.

48 Það eru stuttu ljóðsögurnar „Laüstic“ og „Yonec“. Þá fyrri má finna í íslenskri þýðingu í *Frída og Dýrið. Franskar sögur og ævintýri fyrri alda*, 55–57. Sjá líka íslenska þýðingu í: Strengleikar. Aðalheiður Guðmundsdóttir bjó til prentunar og ritarinnangang. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2006.

49 Þarna eru á ferðinni þjóðsagnaminnin 432 (Konungssonurinn í fuglslíki) og 425 (Leitin að týnda eiginmanninum), sjá d’Aulnoy, *Contes des Fées*, 717–718; Delarue, Tenèze, *Le conte populaire français*, 72–106, 112–114. Raymonde Robert hefur bent á að tólf bókmenntaleg ævintýri frá lokum 17. aldar til loka 18. aldar séu spunnin í kringum þessi minni, þar af séu sex þeirra eftir Madame d’Aulnoy; Robert, *Le conte de fées littéraire en France, de la fin du XVII<sup>e</sup> à la fin du XVIII<sup>e</sup> siècle*, 146–166.

50 Sjá til dæmis Bloch, „Le héros animal dans les contes de fées de Mme d’Aulnoy. Le prince Marcassin, Serpentin Vert, La Chatte blanche, La Biche au bois“, 119–138.

hins ytra: Þótt Flórína elski Sjarmör bæði í manns- eða dýrslíki er ljóst að hann getur ekki stjórnað ríki sínu sem lítill og veikbygður fugl. Töframaðurinn sem græðir sár hans segir honum að þegnar ríkisins muni ekki lúta stjórn hans ef hann birtist þeim í fuglsmynd:

Sá sem hlýðir mennskri veru er ekki fús að hlýða páfagauki og sá sem óttast tignarlegan og valdamikinn konung plokkar fjaðrinar af litlum fugli. „Æ, mannlegur veikleiki, glæsta yfirborð!“ hrópaði konungurinn upp yfir sig. „Þú ert marklaus þegar heiður og dygð eru annars vegar og endalaus uppspretta vonbrigða sem erfitt er að verjast.“

Í sumum tilvika endurspegla hamskiptin þó innra eðli sögupersónunnar, eins og þegar Gríshildur á í hlut. Madame d'Aulnoy beinir hér sjónum að hinu flókna samspili þess sem er og þess sem sýnist. Mikilvægi hins glæsta yfirborðs í stjórnartíð Loðvíks 14. og sá mannlegi veikleiki sem felst í því að láta blekkjast af því sem virðist er kunnuglegt stef í frönskum bókmenntum á síðari hluta 17. aldar og margir höfundar fjölluðu um það viðfangsefni á býsna alvarlegum nótum. Meðal þeirra voru François de la Rochefoucauld í *Orðskviðum* (*Réflexions ou Sentences et Maximes morales*) sem kom út í París árið 1665 og Blaise Pascal í *Hugsunum* (*Pensées*) þar sem hulloinni er fuðlaust svipt af aumri mannskepnunni sem reynir að flýja eynd sína með því að beina sjónum frá henni og dreifa huganum.<sup>51</sup> Leikskáldið Molière gerði blekkingarleik og hræsni að viðfangsefni sínu í gamanleiknum *Tartuffe eða loddarinn* (*Tartuffe ou l'imposteur*) sem fyrst var settur á fjalirnar árið 1664 og í formála að því umdeilda verki réttlætir hann tilurð þess með því að minna á að fólk hafi þörf fyrir skemmtun eða *divertissement* á milli þess sem það þylur bænirnar.<sup>52</sup> Orðið *divertissement* – dægradvöl, ánægja, skemmtun – er dregið af sögninni *divertir* sem þýðir bæði að skemmta og að

51 Verkið *Pensées* eftir Blaise Pascal kom fyrst út árið 1670. Brot úr verkinu má lesa í íslenskri þýðingu í *Ritinu* 3/2020, 179–202. Verk François de La Rochefoucauld, *Réflexions ou sentences et maximes morales*, gengur alla jafna undir nafninu *Maximes*. Það kom fyrst út á frönsku árið 1665.

52 Molière, *Le tartuffe*. *Dom Juan*. *Le misanthrope*, 30.

dreifa áhyggjum, beina huganum frá því sem þjakar hann.<sup>53</sup> Madame d'Aulnoy sýnir þessu stafi greinilegan áhuga í „Bláa fuglinum“ og ekki einungis með frásögn af grimnum örlögum Sjarmörs. Hún gerir grín að óánægju fólks með útlit sitt með því að bregða á loft risavöxnum spegli – einmitt þegar leit Flórínu að Sjarmör stendur sem hæst – þar sem þúsundir kvenna og karla úr öllum heimshornum góna á mynd sína í speglinum, geifla sig og gretta, og sjá sig eins og þau vildu líta út en gera ekki. Þessi fegrandi blekking er afkáraleg og fólkið sem dvelur við draumsýnina óttast mest að Flórína brjóti spegilinn með því að stíga á hann. Blekkingin er líka að verki þegar Sjarmör lætur gabbast af Gríshildi í rökkrinu. Umbreytingin á sér stað þegar honum verða ljós svikin við að sjá hið sanna í gegnum glervegg og neita svo staðfastlega að kvænast þeirri sem blekkti hann:

Sjarmör konungur tók strax að breytast. Fjaðrir þöktu nú handleggina og mynduðu vængi, fótleggirnir urðu svartir og rindilslegir, bognar klær uxu á fótum hans og líkaminn skrapp saman og varð alþakinn löngum, fínlegum, ljósbláum fjöðrum; augun urðu kringlótt og glönsuðu eins og sólin, nefið breyttist í flabeinsgogg og á höfðinu mátti sjá hvítan skúf sem var eins og kóróna í laginu. Fuglinn söng dásamlega og talaði á sama hátt. Sjarmör æpti af skelfingu við að sjá þessa umbreytingu á sjálfum sér og flaug í burtu eins fljótt og hann gat til að komast úr þessari hræðilegu höll.

Þetta nýja gervi, sem minnir þrátt fyrir allt á fyrri tign hans, gerir honum kleift að fljúga á fund Flórínu og eiga með henni ljúfar stundir í þúsundinni því Flórína lætur ekki útlit síns heittelskaða hafa áhrif á tilfinningarnar sem hún ber til hans. Listamenn hafa sótt innblástur í þær senur og jafnvel dregið fram sjaldgæfa munúð sem kemur fram í lýsingum höfundar á samskiptum Flórínu og Bláa fuglsins á gluggasýllunni þar sem þau hjala hugfangin hvort við annað: hún strýkur fjaðrirnar blíðlega en hann klappar henni

53 Sjá „divertir“, Dictionnaire de l'Académie française, 1re édition, 1694, <https://www.dictionnaire-academie.fr/article/A9D2849> og „divertissement, Dictionnaire de l'Académie française, 1re édition, 1694, <https://www.dictionnaire-academie.fr/article/A9D2851>.

með fætinum og goggar mjúklega í hana.<sup>54</sup> Blái fuglinn er aðeins einu sinni kallaður páfagaukur í sögunni en þessir framandi, litríku fuglar sem hermt geta eftir mannröddinni voru þekktir sem gælu-dýr meðal franska aðalsins á 17. öld. Þegar páfagaukur markgreifa-ynjunnar Suzanne Du Plessis-Bellière, sem var vinsæl í samkvæmis-lífi Parísarborgar um miðja 17. öld, gaf upp öndina var til að mynda brugðið á leik og ortar fjölmargar sonnettur í minningu fuglsins sem allar áttu að innihalda sömu rímorðin.<sup>55</sup> Skemmtanagildi gælu-dýrsins varð því langlífara en það sjálft.

Þótt ekki sé vitað með vissu hvenær Madame d'Aulnoy samdi „Bláa fuglinn“ hafa efnistöð hennar og áherslur breyst umtalsvert frá því hún laumaði „Hamingjueyjunni“ inn í *Söguna um Hypolite, greifa af Douglas*. Í „Bláa fuglinum“, eins og víðar í ævintýrum sínum, dregur höfundurinn upp sterka mynd af kvenhetju sinni, á kostnað karlhetjunnar. Tvær konur, guðmóðir og móðir Gríshildar, leggjast á eitt um að gera Sjarmör og Flórínu lífið leitt og reynast þeim fyrrnefnda yfirsterkari. Hann missir alla von, býr sig undir að lifa við ástleysi það sem eftir er og flýr andvökunætur og angist með óþíum.<sup>56</sup> Flórína, snjöll og úrræðagóð og með góðu álfkonuna sér við hlið, tekur örlögin í sínar hendur þegar faðir hennar snýr við henni bakinu, elskhuginn missir móðinn og mótlatið stöðjar að í líki annarra kvenna sem beita öllum brögðum til að fá fram vilja sinn. Hún skiptir um ham af eigin hvötum, klæðist druslum og leggur land undir fót þar til hún finnur konunginn og tekst að tryggja hamingju þeirra beggja af mikilli hugkvæmni. Ævintýrið endar vel og það hefur verið hin besta skemmtun fyrir áheyrendur að hlýða á „Bláa fuglinn“; sagan er full kímni og hugarflugs og Madame d'Aulnoy setur á svið kvenhetju sem ætla má að hafi verið áheyrendum hennar að skapi, að minnsta kosti þeim sem gátu séð sig í sögupersónunni.

54 Damay-Vissuzaine, „Division de l'espace et ouverture du corps : « Gracieuse et Percinet », « L'Oiseau bleu » (Madame d'Aulnoy) et « Plus Belle que Fée (Mademoiselle de La Force), entre texte et image“, 152–155.

55 Sonnettarnar tuttugu og fimm voru gefnar út árið 1656 af Charles Sercy; sjá Speyer, „La poule de Sylvie et le pigeon de Sapho: le bestiaires galant des recueils collectifs de la seconde moitié du XVII<sup>e</sup> siècle“, 37.

56 Frá 17. öld hefur óþíum verið notað í Evrópu til að deyfa sársauka og valda vímu; sjá Butel, *L'opium, histoire d'une fascination*.

#### 4. Lokaorð

Bókmenntalegu ævintýrin voru alla jafna skrifuð af konum og fyrir konur. Þau tilheyra því sérstaka menningarlífi sem myndaðist í París á 17. öld og draga dóm af þeim hugðarefnum og smekk sem þar ríkti. Mörg þeirra einkennast af frjóu ímyndaraflí og kímni og þau voru ætluð til skemmtunar eins og fleiri gerðir bókmennta sem blómstruðu í þessu umhverfi. Madame d'Aulnoy er þekktust þeirra kvenrithöfundu sem fengust við ævintýraritun og er höfundur fyrsta bókmenntalega ævintýrisins. Hún fléttaði dægur- og deilumál samtímans inn í verk sín og þau endurspegla umhverfi sem áheyrndum hennar og lesendum voru kunnug og viðfangsefni sem þeim voru hugtæð. Staða konunnar var eitt þeirra og viðhorf Madame d'Aulnoy í þeim efnum virðist koma skýrt fram í umfjöllun hennar um ástina, hjónabandið og hamingjuna. Þrátt fyrir napran veruleika margra kvenna á ritunartíma þessara verka hafa verk hennar hvorki á sér uppeldislegan eða kristilegan blæ þótt þar takist á gott og illt, rétt og rangt. Bókmenntalegu ævintýrin voru ekki ætluð til uppræðslu barna eða til að koma þeim í háttinn en þeim lýkur engu að síður á laggóðum siðaboðskap – misdjúpum – sem undirstrikar merkingu sögunnar og boðskap. Í lokaorðum „Bláa fuglsins“ segir að það kunni ekki góðri lukku að stýra að þvinga fólk til að ganga í hjónaband með þeim sem það elskar ekki og sá boðskapur hefur efalítið fengið hljómgrunn hjá lesendum á tímum þegar skipulögð hjónabönd voru algeng og flestar konur bjuggu við takmarkað frelsi. Í „Hamingjueyjuni“ lýtur ástin í lægra haldi fyrir manlegum breyskleika og Tímans rás og hin fagra Félicité lokar endanlega dyrunum að höll sinni. Í „Bláa fuglinum“ tekur kvenhetjan málin í sínar hendur og tekst að yfirstíga allar hindranir og endurheimta elskhuga sinn, í mannsmynd.<sup>57</sup>

57 Ég þakka ritstjórum og ritrýnendum *Milli mála* góðar og gagnlegar athugasemdir.

## ÚTDRÁTTUR

## Um bókmenntaleg ævintýri í Frakklandi á 17. öld: „Hamingjueyjan“ og „Blái fuglinn“ eftir Madame d’Aulnoy

Ævintýraritun setti svip sinn á samkvæmis- og bókmenntalíf í Frakklandi undir lok 17. aldar og í upphafi þeirrar 18. Þarna voru á ferð svokölluð „bókmenntaleg ævintýri“ og var barónessan Madame d’Aulnoy, sem birti verk sín undir nafninu Madame D\*\*, einna afkastamest á því sviði. Hún sendi frá sér fjögur bindi af *Ævintýrum* (*Les Contes des Fées*) árið 1697 og fylgdi þeim eftir með fjórum til viðbótar næsta ár. Mörg bókmenntaleg ævintýri frá þessum tíma eru enn þekkt, ekki síst hinar víðfrægu *Sögur gæsamömmu* (*Contes de ma mère l’Oye, ou histoires du temps passé*) eftir Charles Perrault. Ævintýrin voru einkum ætluð til skemmtunar og dæggradvalar en þau eru ekki síður áhugaverður samtímaspegill á tímum þegar konur og kvenrithöfundar eru að ryðja sér til rúms í frönsku menningar- og bókmenntalífi og ástin er eitt helsta umfjöllunarefni skáldsögunnar en sjaldan grundvöllur hjónabanda. Ævintýri Madame d’Aulnoy eru gjarnan löng og flókin og bera merki mikillar hugmyndaauðgi þessa höfundar sem mótaði verk sín í frjóu umhverfi samfélags- og menningarumræðu. Hér verður fjallað um tvö þeirra, „Hamingjueyjuna“ („L’Île de la Félicité“) sem er frá árinu 1690, og „Bláa fuglinn. Ævintýri“ („L’Oiseau Bleu. Conte“) sem kom út í 1. bindi *Ævintýra* sjö árum síðar, og rýnt í breytingar sem sjá má í ævintýraritun höfundarins á fyrstu árum þessarar nýju bókmenntagreinar í Frakklandi.

*Lykilorð:* ævintýri, Madame d’Aulnoy, contes de fées, „L’Île de la Félicité“, „L’Oiseau Bleu“

## ABSTRACT

**Literary fairy tales in 17th century France:  
Madame d'Aulnoy's "L'Île de la Félicité" and "L'Oiseau Bleu"**

Fairy tales, contes de fées, became fashionable in France in the late 17th century and this new genre put its mark on literary salons and literature. Madame d'Aulnoy, under the pseudonym Madame D\*\*, was one of the most productive authors in this field. She published four volumes of *Fairy Tales* (Les Contes des Fées) in 1697 and four others the following year (*Contes nouveaux ou Les Fées à la mode*). Many literary fairy tales from this period are still well known, not least the tales of Charles Perrault, author of the famous *Mother Goose Tales*. Although the fairy tales were mainly meant for amusement and distraction, they nevertheless provide an interesting insight into this period when women and women writers emerge on the French cultural and literary scene and love is one of the main topics of the novels, but rarely the foundation of marriage. The tales of Madame d'Aulnoy are usually long and complicated and reflect the vivid imagination of their author, their social context and cultural discourse. This paper will discuss two of her tales, "The Isle of Felicity" ("L'Île de la Félicité") from 1690, and "Blue Bird" ("L'Oiseau Bleu") published in the first volume of her Fairy Tales, mainly in regard to changes that can be observed in the fairy tale writing of Madame d'Aulnoy in these first years of this new literary genre in France.

*Keywords:* fairy tale, Madame d'Aulnoy, contes de fées, "L'Île de la Félicité", "L'Oiseau Bleu"



HEIMILDIR

- Adams, D. J. „The ‘Contes de fées’ and Madame d’Aulnoy: Reputation and Re-evaluation.“ *Bulletin of the John Rylands Library* 76/3 (1994): 5–22.
- d’Aulnoy, Madame (de). *Contes des Fées*, ritstýrt af Nadine Jasmin. París: Champion (Champion Classiques: Littératures), 2008.
- d’Aulnoy, Madame (de). *Contes nouveaux ou les Fées à la mode*, ritstýrt af Nadine Jasmin. París: Champion (Champion Classiques: Littératures), 2008.
- Ásdís R. Magnúsdóttir. „Franska smásagan á fyrri öldum. Forverar, nýnæmi, ánægja og undur.“ Í *Fríða og Dýrið. Franskar sögur og ævintýri fyrri alda*, ritstýrt af Kristínu Guðrúnu Jónsdóttur (2021), 9–51. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.
- . „Skrímslið og kakóballinn. *Fríða og Dýrið* og önnur ævintýri kvenna í frönskum bókmenntum fyrri alda.“ *Tímarit Máls og menningar* 3 (2018): 18–32.
- Ballestra-Puech, Sylvie. „Du fil des Parques au fils des fées : la fabrique du conte dans « Serpentin vert » de Madame d’Aulnoy.“ *Étude de lettres* 3–4 (2011): 221–242.
- Barchilon, Jacques. „Adaptation of Folktales and Motifs in Madame d’Aulnoy’s Contes: A Brief Survey of Influence and Diffusion.“ *Marvels & Tales: Journal of Fairy Tale Studies* 23/2 (2009): 353–364.
- . „Introduction.“ Í Madame d’Aulnoy. *Contes I*, ritstýrt af Philippe Hourcade, v–xxv. París: Société des Textes Français Modernes, 1997.
- . *Le Conte merveilleux français de 1690 à 1790. Cent ans de Féerie et de poésie ignorées de l’histoire littéraire*. París: Champion, 1975.
- Beasley, Faith E. „Changing the Conversation: Re-positioning the French Seventeenth-Century Salon.“ *L’Esprit créateur* 60/1 (2020): 34–46.
- Bloch, Jeanne. „Le héros animal dans les contes de fées de Mme d’Aulnoy. Le prince Marcassin, Serpentin Vert, La Chatte blanche, La Biche au bois.“ *Dix-huitième siècle* 42 (2010): 119–138.
- Butel, Paul. *L’opium, histoire d’une fascination*. París: Perrin, 1995.
- Damay-Vissuzaine, Valentine. „Division de l’espace et ouverture du corps : « Gracieuse et Percinet », « L’Oiseau bleu » (Madame d’Aulnoy) et « Plus Belle que Fée (Mademoiselle de La Force), entre texte et image.“ *Féeries. Études sur le conte merveilleux, XVII<sup>e</sup>–XIX<sup>e</sup> siècle* 11(2014): 147–169.
- Defrance, Anne. „Aux sources de la littérature de jeunesse: les princes et princesses des contes merveilleux classiques.“ *Érès* 82 (2010): 25–34.
- . „La politique du conte aux XVII<sup>e</sup> et XVIII<sup>e</sup> siècles. Pour une lecture oblique.“ *Féeries. Études sur le conte merveilleux, XVII<sup>e</sup>-XIX<sup>e</sup> siècle* 3 (2006): 13–41.
- . *Les contes de fées et les nouvelles de Mme d’Aulnoy (1690–1698): l’imaginaire féminin à rebours de la tradition*. Genf: Droz, 1998.
- DeJean, Joan. „Après la guerre civile : la précieuse.“ Í *Femmes et littérature. Une histoire culturelle*, I, ritstýrt af Martin Reid. París: Gallimard (Folio Essais), 2020.

- Delarue, Paul og Marie-Louise Ténèze. *Le conte populaire français*. Catalogue raisonné des versions de France et des pays de langue française d'outre-mer. París: Maisonneuve et Larose, 1997.
- Duggan, Anne. *Salonnieres, Furies, and Fairies: The Politics of Gender and Cultural Change in Absolutist France*. Neward, DE: University of Delaware Press, 2005.
- Enchanted Eloquence: Fairy Tales by Seventeenth-Century French Woman Writers*, ritstýrt og þýtt af Lewis C. Seifert og Domna C. Stanton. Toronto: Centre for Reformation and Renaissance Studies, 2010.
- Flahault, François. *La pensée des contes*. París: Anthropos, 2001.
- Fríða og Dýrið. Franskar sögur og ævintýri fyrri alda*. Ásdís Rósa Magnúsdóttir þýddi. Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfan, 2021.
- Fumaroli, Marc. „Les Fées de Charles Perrault ou De la littérature“, *Le Statut de la littérature. Mélanges offerts à Paul Bénichou*, ritstýrt af Marc Fumaroli, 153–186. Genf: Droz, 1982.
- Gheeraert, Tony. „Introduction. La grand-mère et l'académicien.“ Í Charles Perrault. *Contes*, ritstýrt af Tony Gheeraert, 9–86. París: Honoré Champion (Champion Classiques: Littératures), 2012.
- Godenne, René. *Histoire de la nouvelle française aux XVII<sup>e</sup> et XVIII<sup>e</sup> siècles*. Genf: Droz, 1970.
- Goldsmith, Elizabeth C., „Galant culture.“ Í *The Cambridge Companion to French Literature*, ritstýrt af John D. Lyons, 85–101. Cambridge: Cambridge University Press, 2016.
- Jasmin, Nadine. „Naissance du conte féminin : Madame d'Aulnoy.“ Í Madame d'Aulnoy. *Contes des Fées*, ritstýrt af Nadine Jasmin, 9–81. París: Champion, 2008.
- . *Naissance du conte féminin. Mots et merveilles : Les Contes de fées de Madame d'Aulnoy (1690–1698)*. París: Champion (Lumière classique), 2002.
- Mainil, Jean. *Madame d'Aulnoy et le rive des fées. Essai sur la subversion féerique et le merveilleux comique sous l'Ancien Régime*. París: Kimé, 2001.
- Molière. *Le tartuffe. Dom Juan. Le misanthrope*, ritstýrt af Georges Couton. París: Gallimard, 1971.
- Mounier, Pascale. „La circulation générique d'une histoire : *L'Oiseau Bleu* entre conte, lai et nouvelle.“ Í *L'Usage du conte. Contes classiques et réemploi : méthodes d'analyse*, ritstýrt af Patricia Eichel-Lojkine, 125–175. Rennes: Presses Universitaires de Rennes, 2017.
- Pastoureau, Michel. *Bleu. Histoire d'une couleur*. París: Seuil, 2000.
- Perrault, Charles. *Contes*, ritstýrt af Tony Gheeraert. París: Honoré Champion (Champion Classiques: Littératures), 2012.
- Reddan, Bronwyn. *Love, Power and Gender in Seventeenth-Century French Fairy Tales*. Lincoln: University of Nebraska Press, 2020.
- Robert, Raymonde. *Le conte de fées littéraire en France, de la fin du XVII<sup>e</sup> à la fin du XVIII<sup>e</sup> siècle*, Supplément bibliographique 1980–2000 établi par Nadine Jasmin avec la collaboration de Claire Debru. París: Honoré Champion (Lumière classique), 2002.

- Rooth, Anna Birgitta. *Oskubuska í austri og vestri*. Reykjavík: Íðunn, 1982.
- Seifert, Lewis C. *Fairy Tales, Sexuality, and Gender in France. 1690–1715. Nostalgic Utopias*. Cambridge: Cambridge University Press, 1996.
- . „On Fairy Tales, Subversion, and Ambiguity: Feminist Approaches to Seventeenth-Century *Contes de fées*.” *Marvels & Tales* 14/1 (Fairy Tale Liberation – Thirty Years Later) (2000): 80–98.
- Speyer, Miriam. „La poule de Sylvie et le pigeon de Sapho: le bestiaire galant des recueils collectifs de la seconde moitié du XVII<sup>e</sup> siècle.” *Papers on French Seventeenth Century Literature* XLVI/90 (2019): 37–52.
- Stedman, Allison. „D’Aulnoy’s „Histoire d’Hypolite, comte de Duglas“ (1690): A Fairy-Tale Manifesto.” *Marvels & Tales* 19/1 (Reframing the Early French Fairy Tale) (2005): 32–53.
- Uther, Hans-Jörg. „Classifying tales: Remarks to Indexes and Systems of Ordering.” *Narodna umjetnost: Croatian Journal of Ethnology and Folklore Research* 46/1 (2009): 15–32.
- Warner, Marina. *From the Beast to the Blonde. On Fairy Tales and their Tellers*. New York: Vintage, 1995.
- Zipes, Jack. *Beauties, Beasts and Enchantment. Classic French Fairy Tales*. New York: New American Library, 1989.